



norden

10 NORRÆNIR STJÓRN MÁLAMENN





norden

10 NORRÆNIR STJÓRN MÁLAMENN

10 norrænir stjórnálamenn 2011

ANP 2011:704

© Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn 2011

ISBN: 978-92-893-2213-3

Ritstjórn: Silje Bergum Kinsten, Mats Holmström,
Michael Funch, Sara Djupsund og Jesper Schou-Knudsen

Umbrot: Jette Koefoed/norden.org

Þýðing: Erla Sigurðardóttir

Ljósmyndir:

bls. 2 Karin Beate Nøsterud

bls. 6,8,9 Johannes Jansson

bls. 11 Gunnar Svanberg

bls. 13,14 Johannes Jansson

bls. 16,17 Karin Beate Nøsterud

bls. 19 Lillian og Lena www.krf.no

bls. 20,21 Magnus Fröderberg

bls. 22 Johannes Jansson & Magnus Fröderberg

bls. 27 Leiff Josefsen

bls. 28,29 Silje Bergum Kinsten

bls. 30 Johannes Jansson

bls. 33 Karin Beate Nøsterud

bls. 35 Cata Portin

bls. 36,37 Image Select

bls. 38 Magnus Fröderberg

bls. 41,43 Karin Beate Nøsterud

Prentun: Rosendahls-Schultz Grafisk A/S

Fjöldi eintaka: 200

Prentað á pappír sem uppfyllir strangar umhverfiskröfur
og má merkja með svaninum, norræna umhverfismerkinu.

Ritið má panta á www.norden.org/order

Fleiri rit eru á www.norden.org/publikationer

Printed in Denmark



Norræna ráðherranefndin

Ved Stranden 18

DK-1061 København K

Sími (+45) 3396 0200

Norðurlandaráð

Ved Stranden 18

DK-1061 København K

Sími (+45) 3396 0400

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heimi. Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð eiga aðild að samstarfinu, auk sjálfstjórnarsvæðanna Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og hefur mikið vægi í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í sameiningu er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlanda í sterkri Evrópu.

Norræna samstarfið miðar að því að efla hag og gildismat Norðurlanda í hnattvæddum heimi. Sameiginleg gildi styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra landsvæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

www.norden.org

**VIÐTÖL VIÐ 10 NORRÆNA STJÓRN MÁLAMENN
UM MÁL SEM VORU OFARLEGA Á BAUGI OG
VIÐFANGSEFNI Í NORRÆNU SAMSTARFI Á
ÁRINU 2010**

6	JONAS GAHR STØRE Nánara utanríkis- og öryggissamstarf framundan
10	HELGI HJÖRVAR Framtíð Norðurlanda er í Evrópu
14	KAREN ELLEMANN Norðurlönd eru góður efniviður
18	DAGFINN HØYBRÁTEN Meira vald til stjórnmalamanna
22	SONJA MANDT OG JESSICA POLFJÄRD Skottulæknar gómaðir – ný skrá eykur öryggi sjúklunga
26	PALLE CHRISTIANSEN Grænendingar í brjósti fylkingar á norðurslóðum
30	LINE BARFOD Blásið til orrustu gegn þrælkun
34	VILLE NIINISTÖ Brottvísanir Norðurlandabúa ber að stöðva
38	MAUD OLOFSSON Norðurlönd bæta umhverfi Evrópu



1

NÁNARA UTANRÍKIS- OG ÖRYGGISSAMSTARF FRAMUNDAN

Jonas Gahr Støre

**NÚ ER AUÐVELDARA EN NOKKRU SINNI FYRR
AÐ EFLA NORRÆNT UTANRÍKIS- OG ÖRYGGIS-
SAMSTARF, SEGIR JONAS GAHR STØRE,
UTANRÍKISRÁÐHERRA NOREGS.**

○ JONAS GAHR STØRE
HEFUR GEGNT EMBÆTTI
UTANRÍKISRÁÐHERRA
NOREGS FRÁ ÁRINU
2005. ÁÐUR HEFUR
HANN STARFAÐ SEM
AÐALRITARI RAUÐA
KROSSINS Í NOREGI OG
STARFSMASTJÓRI
HJÁ ALÞJÓÐAHEIL-
BRIGÐISSTOFNUNINNI
(WHO).

FLOKKUR: VERKA-
MANNAFLOKKURINN

SAMANLAGT ERU NORRÆNU ríkin í hópi tíu stærstu hagkerfa heims og greiða ein hæstu framlög til Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðlegra stofnana. Jonas Gahr Støre hefur mælt fyrir því að Norðurlönd fái sæti við borð G20-ríkjanna. Hugmyndin hefur fengið góðar undirtektir margra stjórnáráðgjafanna.

– Höfum eitt á hreinu, segir ráðherrann, við erum ekki á móti G20-hópnum. G20-ríkin áttu mikinn þátt í því að koma í veg fyrir að fjármálakreppan skapaði efnahagslega lægð um allan heim. Hópurinn endurspeglar valdahlutföll í heiminum betur en G7/G8 og er einnig til marks um að þörf er

á öflugum alþjóðasamstarfi um málefni sem ríkin leysa ekki upp á eigin spýtur. Við Norðmenn höfum hins vegar gert athugasemdir við skipulag og lögmæti G20-hópsins. Við teljum brýnt að fjölga í G20-hópnum til þess að hann endurspegli betur öll ríki heims. Þá höfum við lagt til að Norðurlönd og Eystra-saltsríkin fái sæti við borðið – en einnig önnur ríki og svæði.

Norski utanríkisráðherrann telur hagsmunum Norðurlanda betur borgið ef þau fengju beinan aðgang að G20-fundunum.

– G20-hópurinn yrði öflugri ef fleiri ríki kæmu þar að málum, lögmæti



– Norðurlönd hafa löngum átt sameiginlega fulltrúa, unnið saman og samræmt afstöðu sína á vettvangi SP og annarra alþjóðlegra stofnana. Þetta á ekki síst við um samstarf norrænu ríkjanna – og síðar einnig Eystrasaltsríkjanna – innan vébanda AGS, Alþjóðabankans og svæðisbundinna þróunarsjóða.



samstarfsins yrði meira og betri stjórn næðist á málum sem varða alla heimsbyggðina.

NORÐURLÖND HAFALÖNGUM ÁTT FULLTRÚA

Støre telur ekki að breyta þurfi norrænu samstarfi þótt Norðurlönd ein eða með Eystrasaltsríkjunum fengju sæti í G20.

– Norðurlönd hafa löngum átt sameiginlega fulltrúa, unnið saman og samræmt afstöðu sína á vettvangi SP og annarra alþjóðlegra stofnana. Þetta á ekki síst við um samstarf norrænu ríkjanna – og síðar einnig Eystrasaltsríkjanna – innan vébanda AGS,



Alþjóðabankans og svæðisbundinna þróunarsjóða. Enn um sinn þykir ekki líklegt að Norðurlönd og Eystrasaltsríkin fái sæti í G20-hópnum. Sennilegra er að samstarfi verði komið á milli Norðurlanda, Eystrasaltsríkjanna og annarra smærríkjanna sem einnig standa utan G20-hópsins. Við verðum að gæta þess að G20 skyggi ekki á lögmætum alþjóðlegum stofnanir.

Jonas Gahr Støre vill efla norrænt utanríkis- og öryggissamstarf eins og lagt er til í Stoltenberg-skýrslunni.

– Í utanríkisráðuneytum landanna er nú unnið markvisst að því að fylgja eftir tillögum skýrslunnar. Í samstarfi um borgaralega og hern-

aðarlega hættustjórnun leggjum við áherslu á að þjálfa norrænt starfslíð fyrir alþjóðlegar aðgerðir. Þá hefur verið ákveðið að mynda norræn samskipta- og hæfnisnet til að búa okkur undir rafrænar árásir. Aukið samstarf innan utanríkisþjónustunnar mun væntanlega varða sameiginleg húsakynni, aðstöðu stjórnarindreka í sendiráðum annarra norræna ríkja, starfsreglur fyrir norræna ræðismenn, afgreiðslu umsókna um ferðaskilríki og skráningu norræna einstaklinga erlendis.

Að sögn norska utanríkisráðherra er varnarmálasamstarfið sífellt að aukast og í því sambandi nefnir hann



þjálfun, skipulagningu, heræfingar og innkaup.

– Á sumum sviðum er samstarfið þegar orðið víðtækara en Stoltenberg sá fyrir í tillögum sínum.

SAMSTÖÐUYFIRLÝSINGIN Á ENNÞÁ ERINDI

Tillaga Thorvalds Stoltenberg um norræna samstöðuyfirlýsingu hefur ekki verið lögð til hliðar heldur er enn verið að fjalla um hana.

– Tillagan er athyglisverð því hún vekur upp þá spurningu hvað norræn samstaða feli í sér. Ég á von á að nýjar viðræður hefjist með vorinu. Viðfangsefni okkar í öryggismálum

krefjast skipulagsbreytinga og að ríkin standi þéttar saman. Sú samstaða verður þó að vera raunsæ og framkvæmanleg og hún má ekki hafa áhrif á skuldbindingar ríkjanna við ESB og NATO.

Jonas Gahr Støre hefur mikla trú á auknu samstarfi um utanríkis- og öryggismál en hann er meira efins um hugmynd Gunnars Wetterberg um norrænt sambandsríki.

– Það er ekki raunsætt. Þrátt fyrir að við viljum að Norðurlönd eigi fulltrúa í G20, SP og ESB verðum við að muna að það hefur aldrei tekist og mun aldrei takast að mynda norrænt sambandsríki. Samtímis vil ég leyfa

mér að halda því að fram að aldrei hafa verið eins miklar líkur og nú á því að hægt verði að efla norrænt samstarf um utanríkis- og öryggismál. Þar nægir að benda á það starf sem hafið er í kjölfari Stoltenberg-skýrslunnar.

FRAMTÍÐ NORÐUR- LANDA ER Í EVRÓPU

Helgi Hjörvar

EVROPUMÁLIN KALLA Á NÁNARA NORRÆNT SAMSTARF, SEGIR HELGI HJÖRVAR, FRÁFARANDI FORSETI NORÐURLANDARÁÐS. NORRÆNT SAMSTARF UM ESB-MÁL OG SKÝRSLA NB8-RÍKJANNA UM EFTIRFYLGNI STOLTENBERG-SKÝRSLUNNAR VORU AÐ HANS MATI HELSTU MÁL Á DAGSKRÁ RÁÐSINS Á LIÐNU ÁRI.

○ HELGI HJÖRVAR ER ÞINGMAÐUR OG FORMAÐUR EFNAHAGS- OG SKATTANEFNDAR ALÞINGIS. HELGI SITUR Í FORSÆTISNEFND NORÐURLANDARÁÐS. HANN HEFUR ÁTT SÆTI Í RÁÐINU FRÁ ÁRINU 2007 OG GEGNDI EMBÆTTI FORSETA ÞESS ÁRIÐ 2010.

FLOKKUR:
SAMFYLKINGIN

ÞAÐ ER FARIÐ AÐ nálgast miðnætti þegar Helgi Hjörvar losnar af fundi í efnahags- og skattanefnd Alþingis. Helgi kom til landsins í nótt af fundi forsætisnefndar Norðurlandaráðs í Finnlandi og hefur setið á sleitulausum fundum í allan dag. Dagsverkinu ætti því að vera lokið en Helgi telur ekki eftir sér að svara spurningum okkar. Leiðsöguhundurinn hans, X, var þó orðinn lúinn og því farinn heim úr vinnunni.

Þegar Helgi rifjar upp störf Norðurlandaráðs á liðnu ári eru þrjú mál honum ofarlega í huga. Fyrst ber

að nefna umfjöllun Norðurlandaráðs um málefni ESB. Í júní fór Helgi með sendinefnd Norðurlandaráðs til Strassborgar þar sem rætt var við norræna Evrópuþingmenn um endurskoðun á ES-tilskipun um neytendamál. Norðurlandaráð lét í ljós þá afstöðu sína að samræma þyrfti norræn sjónarmið til að tryggja neytendavernd til framtíðar. Ferðin markaði upphaf að starfi Norðurlandaráðs við að hrinda ESB-áætlun sinni í framkvæmd.

– Málefni ESB varða öll norrænu ríkin og í fyrra fjölluðum við í ráðinu



2

– Málefni ESB varða öll norrænu ríkin og í fyrra fjölluðum við í ráðinu mikið um endurskoðun á neytendatilskipun sambandsins. Sú vinna kenndi okkur hvernig hægt er að hafa áhrif á vettvangi ESB og vinna norrænu notagildi brautargengi.



mikið um endurskoðun á neytendatilskipun sambandsins. Sú vinna kenndi okkur hvernig hægt er að hafa áhrif á vettvangi ESB og vinna norrænu notagildi brautargengi.

Helgi Hjörvar telur að slík vinnubrögð verði æ mikilvægari þegar fram í sækir.

– Annað mál sem segja má að hafi verið grundvöllur norræns samstarfs að undanförmu er skýrsla Stoltenbergs um öryggis- og utanríkismál. Við fylgdum skýrslu NB8-ríkjanna eftir og ræddum innihald hennar við kollega okkar úr Eystrasaltsríkjunum á fundi forsætisnefndar í Finnlandi í desember 2010.

Helgi lætur í ljós sérstaka ánægju sína með árangur sem náðst hefur í samstarfi um björgunarstarf í Norður-Atlantshafi. Hann telur brýna þörf á norrænu samstarfi þar sem umferð hefur aukist á nýjum siglingaleiðum.

Þriðja málið sem hann nefnir er viðleitni til að gera norrænt samstarf skilvirkara.

– Við höfum endurskoðun á starfsreglum ráðsins með það fyrir augum að auka skilvirkni og vægi norræns samstarfs. Þingmenn í Norðurlandaráði eiga að geta brugðist skjótt við málum og tekið þau til umfjöllunar. Vægi ráðsins ræðst af því hvort pólitískar umræður

fjalla um mál sem eru ofarlega á baugi hverju sinni.

Helgi Hjörvar telur næsta verkefni vera að efla tengsl Norðurlandaráðs við pólitískt starf í ríkjunum.

– Ég tel mikilvægt at tengja störf ráðsins betur við þjóðþingin. Norrænt þingmannasamstarf ætti að vera nátengdara daglegu starfi þjóðþinganna. Ég er sannfærður um að það myndi efla pólitíska samstarfið svo um munar.

Þegar við spyrjum hvers vegna norrænt samstarf er mikilvægt Íslendingum svarar hann að bragði.

– Þar kemur margt til og ég tel að samstarfið hafi aldrei verið eins brýnt


2

og nú. Á Íslandi ríkir mjög sérstakt ástand þar sem við erum að endur-reisa samfélagið eftir hrún. Þegar áfallið dundi yfir okkur í október 2008 voru það eingöngu vinir okkar á Norðurlöndum og í Póllandi sem voru reiðubúnir til að koma okkur til aðstoðar. Þessar þjóðir veittu okkur efnahagslega aðstoð en einnig mikilvæga sérfræðihjálp í fjár- og efnahagsmálum sem auðvelldaði okkur að taka réttar ákvarðanir.

Helgi telur ekki síst mikilvægt fyrir Íslendinga að læra af frændþjóðum sínum hvernig byggja má upp vel-ferðarsamfélag sem er nógu traust til að standa af sér efnahagsleg óviðri eins

og það sem skall á í heiminum 2008. Hann þorir ekki að spá um hvenær og hvort norrænt sambandsríki verði að veruleika.

– Ég vænti þess að norrænt samstarf um utanríkis- og öryggismál eigi eftir að eflast enn frekar. Þróun mála í Evrópu kallar á nánari samvinnu okkar. Norrænu ríkin mega sín lítils hvert um sig en ef við snúum bókum saman getum við aukið áhrif okkar á alþjóðavettvangi. Við höfum sýnt það áður og vel má vera að við þurfum að gera það í enn ríkari mæli á næstu árum. Hvort við eignumst sameiginlega drottningu og þjóðsöng? Það kann að vera en ég treysti mér ekki til að nefna neitt ártal í því sambandi.





NORÐURLÖND ERU GÓÐUR EFNIVIÐUR

Karen Ellemann

**SAMSTARF NORÐURLANDA ER VÍÐFÆMT
OG UMFANGSMIKIÐ. ÞVÍ HLÝTUR AÐ
VERA MARGSLUNGIÐ VERKEFNI AÐ STÝRA
PÓLITÍSKU SAMSTARFI FIMM RÍKJA OG
ÞRIGGJA SJÁLFSTJÓRNARSVÆÐA. LÖNDIN
SKIPTA FORMENNSKUNNI Á MILLI SÍN Í
EITT ÁR Í SENN.**

○ KAREN ELLEMANN ER
UMHVERFISRÁÐHERRA
DANA OG NORRÆNN
SAMSTARFSRÁÐHERRA.
HÚN VAR FORMAÐUR
NORRÆNU RÁÐHERRA-
NEFNDARINNAR Á
ÁRINU 2010.

FLOKKUR: FRJÁLISLYNDI
FLOKKURINN VENSTRE

FORMENNSKU DANA í Norrænu ráðherranefndinni lauk um síðustu áramót en þá tóku Finnar við keflinu. Karen Ellemann, norrænn samstarfsráðherra Dana, rifjar upp það helsta frá annasömu ári.

– Formennskuárið gekk eftir áætlun. Við ákváðum að leggja áherslu á tvo málaflokka en það voru hnattvæðingaraðgerðir og afnám stjórnsýsluhindrana. Við fylgdum settum markmiðum og nutum góðs stuðnings hinna landanna.

Þá tókst okkur að beina norrænu samstarfi að því að skapa sjálfbær Norðurlönd. Norðurlönd sem standa saman og hafa þannig meiri áhrif í hnattvæddum heimi. Við verðum þó alltaf að huga að því hvort við séum á réttri leið. Norrænt samstarf á enn sem áður að skapa virðisauka fyrir almenning og atvinnulíf, segir Karen Ellemann.

Ríkin geta nýtt formennskuárið til að setja svip sinn á dagskrána í norrænu samstarfi. Þegar við spyrjum Karen Ellemann hvernig Danir settu svip á árið 2010 nefnir hún samfellu og stefnumótun til lengri tíma.

– Öll löndin vilja samfellu í norrænu samstarfi. Ef árangur á að nást verðum við að móta norræna stefnu til margra ára. Við Danir lögðum að sjálfsögðu áherslu á ákveðna málaflokka þar á meðal hnattvæðingaraðgerðir. Ég tel að okkur hafi tekist að sýna það í verki, segir ráðherrann og nefnir nokkur dæmi:

– Við komum víða við en ég læt nægja að nefna tvennt, áætlunina um öndvegisrannsóknir og afnám stjórnsýsluhindrana. Hnattvæðingar-samstarfið hefur hleypt nýjum krafti í norrænt samstarf. Norðurlönd eru góður efniviður. Almennigur er vel menntaður, framtakssamur og vel í

stakk búinn til að aðlaga sig nýjum aðstæðum. Mannauður þeirra 25 milljóna sem Norðurlönd búa býður upp á samlegðaráhrif. Við eigum að sjálfsögðu að nýta okkur það. Við eigum að beina kröftum okkar að því sem við getum breytt.

Ráðherrann segir hnattvæðingar- aðgerðirnar gott dæmi um að árangur verði sýnilegri þegar peningum er safnað saman í einn sjóð í stað þess að dreifa þeim á mörg minni verkefni þar sem þjóðirnar eru jafnvel að gera sömu hlutina hver í sínu horni.

– Stærsta hnattvæðingarverkefnið er áætlunin um öndvegisrannsóknir. Áætlunin fór vel af stað og hefur eflt þekkingarsköpun, nýja tækni og lausnir á Norðurlöndum. Þannig gefst norrænum fyrirtækjum kostur á að ná forystu í loftslags- og umhverfistækni. Þá skapast grundvöllur fyrir grænan hagvöxt og atvinnusköpun um leið og samkeppnishæfni og tækifæri fyrirtækja til útflutnings aukast í þágu sjálfbærrar þróunar, bætir hún við.

Karen Ellemann nefnir annað for- gangsaðriði á liðnu ári en það er afnám stjórnsýsluhindrana.

– Okkur hefur tekist að afnema ýmsar stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum. Mestu máli skiptir að fólki sé gert auðveldara að fara á milli landa – hvort sem er til starfa, náms eða til að sinna viðskiptum. Við höfum unnið hörðum höndum að því að málið fái meira vægi í norrænu samstarfi. Enn er þó langt í land þar til tekist hefur að fjarlægja allar stjórnsýsluhindranir. Við þurfum öll að leggjast á eitt til þess að árangur náist. Og ekki síður til að koma í veg fyrir að nýjar hindranir myndist.

Það vakti athygli á árinu 2007 og aftur 2008 þegar forsætisráðherrarnir tilkynntu að norrænt samstarf yrði að vera sýnilegra og áhrifameira. Hvaða áskoranir felast í orðum forsætisráðherranna að mati Karen Ellemann?

– Það er mér hjartans mál að norrænt samstarf geti verið í stöðugri endurnýjun. Það er alltaf mikilvægt að staldra við, endurmeta samstarfið og þora að einbeita kröftunum að þeim verkefnum sem vænlegust eru til árangurs. Almennungi verður að vera ljóst að samstarfið skiptir máli, segir hún.

– Þú minnst á hvornig við gerum norrænt samstarf sýnilegt. Það er ekki alltaf auðvelt! Norrænt samstarf byggir

á samstöðu og nýtur auk þess stuðnings stjórnáráðmanna og almennra borgara en hvorugt höfðar mikið til fjölmiðla. Nú sýna nýjustu kannanir að norrænt samstarf nýtur gífurlegs stuðnings meðal almennings. En sem betur fer er ekki útilokað að selja fjölmiðlum góðar fréttir.

– Við getum líka selt fréttir af norrænu samstarfi án þess að þær fjalli um ágreining og þá er ég að hugsa um gildi. Ég hef alltaf gaman af því að nefna norræna svanninn sem sýnilegt dæmi um vitund Norðurlandabúa. Umhverfismerkið nýtur mikillar virðingar og hefur áhrif á val neytenda. Sem umhverfisráðherra get ég ekki annað en verið ánægð með það. Þess vegna eru það sýnilegu verkefni sem skapa virðisauka á Norðurlöndum og á þeim byggjum við öflugt samstarf sem lítur til framtíðar, segir ráðherrann.

Sagnfræðingurinn Gunnar Wetterberg er áberandi í sænskri þjóðfélagsumræðu en bók hans um Sambandsríki Norðurlanda varð tilefni fjörugra umræðna á liðnu




3

– Þá tókst okkur að beina norrænu samstarfi að því að skapa sjálfbær Norðurlönd. Norðurlönd sem standa saman og hafa þannig meiri áhrif í hnattvæddum heimi. Við verðum þó alltaf að huga að því hvort við séum á réttri leið. Norrænt samstarf á enn sem áður að skapa virðisauka fyrir almenning og atvinnulíf.

hausti. Hugmyndin um norrænt sambandsríki vakti mikil viðbrögð fjölmiðla og stjórnámálamanna á Norðurlöndum en einnig á erlendum vettvangi. Karen Ellemann er þó ekki sannfærð um ágæti hugmyndarinnar og efast um að slíkt sambandsríki verði að veruleika:

– Umræða um norrænt samstarf er alltaf gefandi. Wetterberg hefur heldur betur ýtt við fólki með hugmynd sinni um norrænt sambandsríki en ég vil þó ekki ganga það langt. Norrænt samstarf er hægt að efla án þess að njörva það meira niður. Við höfum mörg dæmi þess að Norðurlönd fá ýmsu áorkað. Má þar nefna öndvegisrannsóknir, norræna svanninn og samstarf um loftslagsmál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins. En við verðum ætíð að spyrja hvort við séum á réttri leið. Norrænt samstarf á ekki að einskorðast við fundi og ráðstefnur – það á að skila árangri. Til þess þurfum við ekki sambandsríki, leggur Karen Ellemann áherslu á.

– Ég legg meiri áherslu á að þeir kraftar sem við leggjum í samstarfið skili árangri eins og afnám stjórnsýsluhindrana, öndvegisrannsóknir og umhverfismerkingar.



MEIRA **VALD** TIL STJÓRN MÁLA- MANNA

STJÓRN MÁLAMENN VERÐA AÐ ENDURHEIMTA
PÓLÍTÍKINA Í NORRÆNU SAMSTARFI, SAGÐI
DAGFINN HØYBRÁTEN FYRRUM FORSETI
NORÐURLANDARÁÐS Á HAUSTDÖGUM 2010.
HANN SAGÐI PÓLÍTÍKINA Hafa LOTIÐ Í LÆGRA
HALDI FYRIR SKRIFRÆÐI Í RÁÐINU OG NOR-
RÆNU RÁÐHERRANEFNDINNI OG ÞVÍ YRÐI AÐ
BREYTA.

DAGFINN HØYBRÁTEN flutti tilfinningaþrungna ræðu á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík haustið 2010 þar sem hann hvatti stjórnámálamenn til að axla meiri ábyrgð á norrænu samstarfi. Umræður spunnust í kjölfar ræðunnar og nú er unnið að því að auka skilvirkni í samstarfinu.

– Pólitískt samspil ráðsins og ráðherranefndarinnar er kjarninn í norrænu samstarfi. Mér virðist pólitíkin ekki lengur vera hreyfiafl samstarfsins heldur hafi sívaxandi skrifræði orðið þar ofan á. Of mikið vald hefur færst

á hendur embættismannanefnda sem ráða miklu um hvort ákvarðanir koma til framkvæmda.

Høybråten segir stjórnámálamenn eiga að endurheimta völd sín með því að tryggja að dagskrá ráðsins endurspegli málefni sem brenna á Norðurlandabúum.

– Kannanir sýna að almenningur á Norðurlöndum vill auka norrænt samstarf – ekki draga úr því. Stjórnámálamenn verða því að láta meira að sér kveða. Auk þess mætti einfalda pólitísk ferli og auka vægi þeirra.


Dagfinn Høybråten

DAGFINN HØYBRÁTEN ER NORSKUR ÞINGMAÐUR. HANN SAT Í RÁÐHERRANEFND FÉLAGS- OG HEILBRIGÐISMÁLA Á ÁRUNUM 1997–2000 OG 2001–2005 OG FORSÆTISNEFND NORÐURLANDARÁÐS Á ÁRUNUM 2005–2010. HANN VAR FORSETI NORÐURLANDARÁÐS 2007. HØYBRÁTEN HÆTTI Í FORSÆTISNEFND ÞEGAR HANN TÓK AÐ SÉR STJÓRNARFORMENNSKU Í SAMTÖKUNUM GAVI 2010 EN ÞAU STYÐJA M.A. BÓLUSETNINGARÁÆTLANIR Í FÁTÆKUM RÍKJUM.

FLOKKUR: KRISTILEGI
ÞJÓÐARFLOKKURINN



4



4



STJÓRN MÁLAMENN AXLI ÁBYRGÐ Á PÓLÍTÍKINNI

Embættismenn eiga ekki sök á því hvernig komið er, segir norskri þingmaðurinn. Stjórnámálamenn verða að taka á sig hvernig pólitíkin hefur útvatnast.

– Við verðum að leggja okkar af mörkum til að gera starf ráðsins aðlaðandi og skilvirkt. Samfellu skortir í forystu Norðurlandaráðs vegna þess að forseti og varaforseti sitja aðeins til eins árs í senn. Meðferð mála er flókin og tímafrek. Halda mætti fleiri aukþing á hverju ári til þess að ráðið

geti aukið vinnuhraðann og fangað aðkallandi mál.

Høybråten telur að endurskoða mætti umsagnarfresti, gefa kost á að afgreiða tillögur hraðar og einfalda kynningar á málum en hann hefur áralanga reynslu af norrænu samstarfi bæði sem ráðherra og þingmaður. Dagfinn Høybråten hefur skoðað starfsreglur Norðurlandaráðs og telur að ráðið eigi að auka pólitísk áhrif sín og leggja meiri áherslu á málefni sem brenna á almenningi.

– Afnáam stjórnsýsluhindrana er því miður enn brýnt verkefni. Utan-


ríkis- og varnarmálasamstarf er að eflast þar á meðal sameiginlega afstaða ríkjanna til ESB-mála sem varða þau öll. Á menningarsviði er hlutverk okkar enn sem fyrr að standa vörð um sögulega og menningarlega arfleifð landanna, tungumál og samfélagsgerð.

VILL MÆLA HAMINGJU

Dagfinn Høybråten vakti einnig athygli á öðru máli á árinu 2010 en það er norrænn mælikvarði á verg þjóðarlífsgæði. Hann segir stjórnámálamenn verða að vita í hverju hamingja al-



– Við verðum að leggja okkar af mörkum til að gera starf ráðsins aðlaðandi og skilvirkt. Samfellu skortir í forystu Norðurlandaráðs vegna þess að forseti og varaforseti sitja aðeins til eins árs í senn. Meðferð mála er flókin og tímafrek. Halda mætti fleiri aukabætur á hverju ári til þess að ráðið geti aukið vinnuhraðann og fangað aðkallandi mál.



mennings sé fólgin til að geta mótað farsæla stefnu.

– Tillagan er viðleitni til að láta pólitíska dagskrá ráðsins endurspegla betur það sem hrærist meðal almennings. Ef við mælum samfélagsþróunina eingöngu með efnahagslegum mælikvörðum verður stefnumótun okkar í skötulíki. Náin tengsl, heilsufar og umhverfismál eru almenningi mikilvægari en velmegun og að sanki að sér enn fleiri hlutum. Ég tel að Norðurlönd eigi að taka af skarið og setja sér markmið í þessum anda. Stjórn málaumræðan

myndi breytast og gildismatið um leið.

Høybråten sér tvo valkosti fyrir norrænt samstarf á næstu tíu árum.

– Annað hvort grotnar samstarfið niður og endar sem tæknilegt og skrifræðislegt samstarf grannríkja eða norrænu ríkin velja að virkja sterka samkennd sína og verða forystusvæði í Evrópu með mannlegra samfélagi í samhljómi við náttúruna sem sýnir samstöðu með fátækustu þjóðum heims.

Hann hefur ekki mikla trú á norrænu sambandsríki.

– Allavega ekki á meðan ég lifi. Ég held að hugmyndin lendi á akademísku leikfangasafni.




5
Sonja
Mandt



Jessica Polfjärd

9



SKOTTULÆKNAR GÓMAÐIR

– NÝ SKRÁ EYKUR ÖRYGGI SJÚKLINGA

○ SONJA MANDT ER
NORSKUR ÞINGMAÐUR
OG VARAFORMAÐUR
VELFERÐARNEFNDAR
NORÐURLANDARÁÐS.

FLOKKUR: VERKA-
MANNAFLOKKURINN

○ JESSICA POLFJÄRD ER
SÆNSKUR ÞINGMAÐUR
OG SAT Í VELFERÐAR-
NEFND NORÐUR-
LANDARÁÐS TIL
ÁRSLOKA 2010.
FRÁ ÁRAMÓTUM
HEFUR HÚN GEGNT
FORMENNSKU Í
EFNAHAGS- OG
VIÐSKIPTANEFND
NORÐURLANDARÁÐS.

FLOKKUR:
HÆGRIFLOKKURINN

**GETUR LÆKNIR SEM HEFUR GERST SEKUR UM
ALVARLEG MISTÖK RÁÐIÐ SIG TIL STARFA Í
ÖÐRU NORRÆNU RÍKI? ER HEILBRIGÐISSTARFS-
FÓLK RÁÐIÐ TIL STARFA ÁN ÞESS AÐ FERILSKRÁ
ÞESS SÉ KÖNNUÐ? SPURNINGUM ÞESSUM
VERÐUR ÞVÍ MIÐUR AÐ SVARA JÁTANDI.**

LÆKNAR OG ANNAR heilbrigðis-
starfsfólk getur flutt sig um set á milli
Norðurlanda þrátt fyrir að alvarlegar
athugasemdir hafi verið gerðar við
störf þess, segir Jessica Polfjärd,
þingmaður sænska Hægriflokksins og
fulltrúi í velferðarnefnd Norðurlanda-
ráðs.

Norðurlönd hafa orð á sér víða
um heim fyrir velferð og góða heil-
brigðisþjónustu. Þetta er einnig sú

mynd sem við könnumst við og erum
flest stolt af. Þegar brestir verða í heil-
brigðisþjónustu bregst almenningur
yfirleitt við og krefst að úr því verði
bætt. Það er hlutverk þjóðkjörinna
þingmanna að vekja máls á vandanum
og koma með tillögur að breytingum.
Velferðarnefnd Norðurlandaráðs
ákvað í árslok 2010 að leggja til við
ríkisstjórnir landanna að þær bættu
öryggi sjúklunga á Norðurlöndum.

NORRÆN SKRÁ Á AÐ AUKA ÖRYGGI SJÚKLINGA

Því vill bregða við að læknar ráðist til starfa í norrænu grannríki þrátt fyrir að þeir hafi gerst sekir um síendurtekin mistök og jafnvel misst starfsleyfið. Eftirlit með læknamistöfum er glöppótt og þurfa sjúklingarnir að líða fyrir það. Ekki er hægt að segja til um hve mörg tilvik hafa átt sér stað á undanförunum árum.

Dæmi er um danskan lækni sem kærður var 42 sinnum til norskra yfirvalda fyrir læknamistöf þar í landi. Í 29 tilvikum voru sjúklingunum dæmdar skaðabætur sem námu alls rúmlega 200 milljónum íslenskra króna. Þegar umræddur bæklunarskurðlæknir missti starfsleyfi sitt í Noregi réði hann sig til starfa á sænsku sjúkrahúsi.

– Það er gjörsamlega óásættanlegt að mannlífum sé ógnað á þennan hátt. Visst gegnumstreymi er á sameiginlegum vinnumarkaði á

Norðurlöndum og því er brýnt að koma á skráningarkerfi til þess að auka öryggi sjúklunga, segir Sonja Mandt, þingmaður norska Verkamannaflokksins. Hún situr í velferðarnefnd Norðurlandaráðs og er einn flutningsmanna tillögunnar um norræna skrá.

Þverpólítísk samstaða frá öllum löndunum myndaðist þegar velferðarnefnd ræddi tillögu um rafræna skrá til að bæta öryggi sjúklunga. Á þingi Norðurlandaráðs haustið 2010 voru ríkisstjórnir landanna hvattar til að koma á slíku skráningarkerfi. Skráin á að ná til lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga og annarra heilbrigðisstétta á Norðurlöndum.

– Norrænu ríkin vinna ekki nógu vel saman að þessum málum. Ég tel ekki að við getum tryggt öryggi sjúklunga án þess að hafa sameiginlega rafræna skrá. Í skránni yrði að finna alvarleg tilfelli þar sem læknar hafa verið sviptir starfsleyfi, segir Sonja Mandt.

STARFIÐ ÞEGAR HAFIÐ

Norrænu heilbrigðisráðherrarnir funduðu í júní 2010 og voru þá sammála um að bæta þyrfti upplýsingagjöf um starfsferil umsækjenda þegar þeir sækja um starfsleyfi í norrænum grannríkjum.

Flestallar upplýsingar sem þarf í slíka skrá liggja þegar fyrir í skráum einstakra ríkja. Samráð þeirra á milli hefur verið of lítið en nú eru Danir, Norðmenn og Svíar farnir að skiptast á upplýsingum.

Velferðarnefnd Norðurlandaráðs vill ganga skrefi lengra og leggur því til að komið verði á rafrænni skrá yfir allar heilbrigðisstéttir í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð og sjálfstjórnarsvæðunum Álands-eyjum, Færeyjum og Grænlandi.

– Enginn sem leggur sinn skerf til velferðarkerfisins á að þurfa að efast um að gott sé að búa á Norðurlöndum. Við eigum að standa vörð um góða heilbrigðisþjónustu og setja

Dæmi er um danskan lækni sem kærður var 42 sinnum til norskra yfirvalda fyrir læknamistöð þar í landi. Í 29 tilvikum voru sjúklingunum dæmdar skaðabætur sem námu alls rúmlega 200 milljónum íslenskra króna. Þegar umræddur bæklunarskurðlæknir missti starfsleyfi sitt í Noregi réði hann sig til starfa á sænsku sjúkrahúsi.

Öryggi sjúklinga í öndvegi. Norræn rafræn skrá er dæmi um norrænt notagildi og treystir stöðu Norðurlanda sem forystusvæði í framtíðinni, segir Jessica Polfjärd.

SKRÁIN SÝNIR ALVARLEG MISTÖK

– Við getum státað af mjög hæfu starfsfólki í heilbrigðiskerfinu á Norðurlöndum. Það kemur þó ekki í veg fyrir að alvarleg mistök verði. Því getur þurft að setja lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk á svartan lista og svipta það starfsleyfi, bætir hún við.

Velferðarnefnd leggur áherslu á að gerð verði skrá yfir heilbrigðisstarfsfólk sem gert hefur það alvarleg mistök að starfsleyfi þess er í húfi. Hafi ítrekað verið gerðar athugasemdir við störf starfsfólks á það einnig heima í slíkri skrá. Þá er bent á að ríkin geti haft samráð um hvaða viðmið skuli höfð um hverjir lendi á skrá.

– Læknar verða að sjálfsögðu

aðeins settir á svartan lista ef þeir gerast sekir um alvarleg mistök. Sjúklingurinn á að vera í fyrirrúmi, leggur Sonja Mandt áherslu á.


Skráin verður eingöngu opin þeim sem þurfa upplýsingar við ráðningar á starfsfólki í heilbrigðisstétt og það er mikilvægt að skráin verði ekki opinber, segir í tillögu nefndarinnar.

– Skráin á þannig að auðvelda atvinnurekanda að axla fulla ábyrgð á ráðningum á heilbrigðisstarfsfólki frá öðrum norrænum ríkjum og tryggja að öryggi sjúklinga sé sett í öndvegi, bætir hún við.

Sænska læknafélagið styður tillöguna og hefur hún vakið mikla athygli fjölmiðla þar í landi.

– Það er varla hægt að mæla gegn auknu öryggi sjúklinga sem allir Norðurlandabúar njóta góðs af, bendir Jessica Polfjärd á.

Nú kemur til kasta þingfulltrúa í Norðurlandaráði að tryggja að ríkisstjórnir landanna fylgi tillögunni eftir.



GRÆNLENDINGAR Í BRJÓSTI FYLKINGAR Á NORÐURSLÓÐUM

NORÐURLÖND VERÐA AÐ BEITA SÉR MEIR FYRIR MÁLEFNUM HEIMSKAUTASVÆÐANNA AÐ MATI GRÆNLENSKA SAMSTARFSRÁÐHERRANS, PALLE CHRISTIANSEN. HANN TELUR ENNFREMUR AÐ NORRÆNA RÁÐHERRANEFNDIN EIGI AÐ HAFA FULLTRÚA Í NORÐURSKAUTSRÁÐINU. BRÁÐNUN ÍSSINS EIGI EFTIR AÐ LEIÐA TIL MIKILLA VALDAÁTAKA OG ÞÁ VERÐI LÖNDIN AÐ SÝNA SAMSTÖÐU. PALLE CHRISTIANSEN TELUR ÞÓ EKKI NORRÆNT SAMBANDSRÍKI Í SJÓN MÁLI.

Palle Christiansen

VIÐ HINKRUM EFTIR ráðherranum á smekklegrri sendiskrifstofu Grænlands á Norðurbyggju í Kaupmannahöfn. Hann er í miðri upptöku fyrir sjónvarpsheimildamynd sem á að fjalla um lausnir Grænlinga á loftslagsvandannum. Á stærstu eyju heims býr um 55 þúsund manna þjóð. Grænlingar verða varir við áhuga umheimsins einkum eftir að greinilegar afleiðingar loftslagsbreytinga þar í landi vöktu athygli um allan heim.

Í maí 2011 munu helstu valdakonur og -menn frá Bandaríkjunum og Rússlandi leggja leið sína til Nuuk þar sem búa um 15.000 manns til þess að sækja fund Norðurskautsráðsins. Palle Christiansen, fjármála- og samstarfsráðherra Grænlands, vonast til að norrænu ríkin sýni samstöðu við samningaborðið.

– Norðurlönd hafa svo mikið fram að færa í loftslags- og umhverfismálum. Því ættum við að leiða saman

○ PALLE CHRISTIANSEN ER FJÁRMÁLARÁÐHERRA OG NORRÆNN SAMSTARFSRÁÐHERRA GRÆNLANDS.

FLOKKUR: LÝÐRÆÐISFLOKKURINN

7





krafta okkar í auknum mæli, ekki síst á heimskautsvæðunum þar sem þessi málefni eru aðkallandi, segir Palle Christiansen. Í embætti sínu sem fjármálaráðherra leggur hann mikla áherslu á sjálfbærni.

Málið einskorðast þó ekki við sjálfbærni heldur snýst það ekki síður um völd.

– Landfræðilega er Grænland í miðju atburðarásarinnar. Við kysum að Norðurlönd sýndu meiri samstöðu en þá verða ríkin að samræma sjónarmið sín betur. Málefni heimskautsvæðanna eru fastur dagskrárliður á árlegu þingi Norðurlandaráðs og er það gott og vel. Menn sofna því

ekki á verðinum en það þarf meira til. Hlýnun jarðar leiðir ekki eingöngu til valdaátaka heldur skapar hún einnig tækifæri, ekki síst í atvinnulífinu.

– Ef siglingaleiðir opnast norð-vestur og norðaustur af Grænlandi blasa við okkur gjörbreyttar aðstæður. Reynsla Norðurlandþjóðanna af siglingum, einkum siglingaöryggi, mun þá koma í góðar þarfir.


Palle Christiansen segir samstarf Grænlandinga við önnur norræn ríki sýna gott fordæmi fyrir önnur ríki heims. Þar aðstoði þróuð ríki önnur sem eru komin skemur á leið við að leysa þau mörgu viðfangsefni sem hlýnun jarðar skapar. Að vísu gæti

vissrar tortryggni í garð gamla nýlenduveldisins Danmerkur en viðhorf Grænlandinga til annarra Norðurlandþjóða séu jákvæð.


– Augu fólks hafa opnast fyrir því að á Norðurlöndum er sameiginlegur vinnu- og viðskiptamarkaður. Það vakti athygli á Grænlandi þegar tíu þarlendir sérfræðingar í upplýsingatækni réðu sig til starfa í Skellefteå í Norður-Svíþjóð þar sem margmiðlunariðnaður er í miklum blóma.

Reynsla Norðurlandþjóða af samfélagsþróun nýtist Grænlandingum vel.

– Við lítum mikið til reynslu Finna af sjálfbærri þróun. Í þeim mörgu verk-



– Augu fólks hafa opnast fyrir því að á Norðurlöndum er sameiginlegur vinnu- og viðskiptamarkaður. Það vakti athygli á Grænlandi þegar tíu þarlendir sérfræðingar í upplýsingatækni réðu sig til starfa í Skellefteå í Norður-Svíþjóð þar sem margmiðlunariðnaður er í miklum blóma.



efnum á sviði olíuvinnslu og námu- rekstrar sem hafin eru á Grænlandi gerum við mjög strangar kröfur að hætti Norðmanna.

Palle Christiansen telur einn helsta styrk Norðurlanda felast í því hvernig ríkin hafa tekið á sjálfbærni.

– Allt bendir til þess að við Grænlandingar stöndum frammi fyrir miklum breytingum á nýtingu náttúruauðlinda og þá reynir mikið á sjálfbærni. Mikilvægt er að hafa almenning með í ráðum og tryggja menntun ungs fólksins og búa það undir nýjar atvinnugreinar. Þannig getum við tekist á við framtíðina af ábyrgð, bæði hvað varðar efnahag


og hag manneskjunnar sjálfrar, bætir hann við af miklum þunga.

Hann telur enga skömm að því að taka norrænu ríkin sér til fyrirmyndar enda hafi þau fundið haldbærar lausnir.

Þegar við spyrjum hvort hann telji að samstarfið geti leitt til stofnunar norræns sambandsríkis hugsar hann sig aðeins um áður en hann svarar.

– Það verður líklega bið á því. Hins vegar er athyglisvert að skoða hugmyndina um sambandsríki frá ýmsum hliðum. Fara mætti hægt af stað með því að samræma betur afstöðu ríkjanna þegar það á við. Ég nefni sem dæmi að móta sam-

eiginlega stefnu í umhverfismálum og heildarstefnu um málefni heimskautasvæðanna. Þar ættu Grænlandingar að vera í brjósti fylkingar, segir Palle Christiansen að lokum með bros á vör.





BLÁSIÐ TIL ORRUSTU GEGN ÞRÆLKUN

Line Barfod

EF VILJI OG FJÁRMAGN ER FYRIR HENDI GETUM
VIÐ SPORNAÐ GEGN MANSALI, SEGIR LINE
BARFOD. HÚN SEGIR ÆRIN VERKEFNI BÍÐA
ÚRLAUSNAR HJÁ RÍKISSTJÓRNUM LANDANNA.

○ LINE BARFOD ER
DANSKUR ÞINGMAÐUR.
HÚN HEFUR SETIÐ Í
NORÐURLANDARÁÐI
FRÁ ÁRINU 2001,
FYRST Í VELFERÐAR-
NEFND EN SÍÐAR Í
FORSÆTISNEFND.
FRÁ ÁRINU 2009
HEFUR HÚN GEGNT
FORMENNSKU Í
FLOKKAHÓPI
VINSTRI SÓSÍAL-
ISTA OG GRÆNNA Í
NORÐURLANDARÁÐI.
FLOKKUR:
EININGARLISTINN

MANSAL ER EKKI einkavandamál
fórnarlambanna sem mega þola
ánauð, auðmýkingar og oftast en ekki
ofbeldi og nauðganir. Mansal ógnar
lýðræðinu, segir Line Barfod.

– Ef við skoðum málið frá sjónar-
hóli samfélagsins þá felst stærsta
ógnin í því að mansal grefur undan
lýðræðinu. Látum við þrælkunina
viðgangast á ofbeldi eftir að aukast
í þjóðfélaginu. Fáir skipulögð glæpa-
starfsemi að breiðast út mun spill-
ing, ofbeldishótanir og annað grafa
undan lýðræðinu.

Line Barfod er þingkona Einingar-
listans og formaður samstarfshóps
gegn mansali á vegum þingmanna-
samstarfsins við Eystrasalt (BSPC). Á
ári hverju hefur hún beint fyrirspurn-
um til ráðherranna á þingi Norður-
landaráðs um hvað stjórnvöld geri
til að sporna gegn mansali.


– Mér virðist sem margir þingmenn
í Norðurlandaráði láti mansal sig
varða. Við höldum að okkur hefði
tekist að ýta við stjórnvöldum og að
þau hefðu látið til skarar skríða. En
ég er hrædd um að beita þurfi meiri
þrýstingi ef málið á ekki að hverfa af
borði stjórnámálanna, segir Barfod.

MANSAL ER NÚTÍMAÞRÆLKUN

Line Barfod undirbýr nú nýja þing-
mannatillögu um að Norðurlönd
herði á aðgerðum gegn mansali í
samstarfi við Eystrasaltsríkin og
Rússland.

– Fórnarlömb mansals lifa við
ófrelsi og hafa ekkert um líf sitt að
segja. Það er ekkert annað en þrælk-
un og ánauð þegar fólk hefur engin
áhrif á eigin athafnir og er hót að
ofbeldi ef það fer fram á hærri laun
eða færast undan því að selja sig til

Prælasalan teygir sig milli landanna fyrir botni Eystrasalts og búa margir einstaklingar frá Eystrasaltsríkjunum, Póllandi og Rússlandi við þrælkun á Norðurlöndum. Barfod telur því brýnt að koma á samstarfi við önnur ríki um að koma fórnarlömbunum til hjálpar.



vændis. Þegar fólk er svipt vega-bréfum og öðrum ferðaskilríkjum er óhætt að segja að það lifi í ánað.

Oft eru það manneskjur sem minna mega sín sem hneptar eru í þrældóm.

– Örbirgðin knýr fólk til að leita sér tekna og óprúttnir aðilar eru fljótir að notfæra sér slíkt. Oft er hér um að ræða konur og minnihlutahópa. Rómafólkið er sá þjóðflokkur sem hefur orðið hvað mest fyrir barðinu á mansali í Evrópu. Ungmennni í vanda stödd liggja einnig vel við höggi.

Prælasalan teygir sig milli landanna fyrir botni Eystrasalts og búa margir einstaklingar frá Eystrasaltsríkjunum, Póllandi og Rússlandi við þrælkun á Norðurlöndum. Barfod telur því brýnt að koma á samstarfi við önnur ríki um að koma fórnarlömbunum til hjálpar.


– Mansal er glæpastarfsemi sem virðir engin landamæri enda berst hingað fólk frá öðrum löndum. Því verða ríkin að taka höndum saman til að hjálpa fórnarlömbunum en einnig til að koma í veg fyrir mansal. Lögreglan og félagsmálayfirvöld verða að vinna saman til að fá sameiginlega innsýn og þekkingu á málum, aðstoða fórnarlömbin og miðla þeirri þekkingu sem þarf til að koma höggi á forsprakkana.

Vinnuhópur BSPC gegn mansali vinnur nú að tillögum að aðgerðaáætlun gegn mansali fyrir stjórnvöld á Eystrasaltssvæðinu.

– Við teljum brýnt að stjórnsmálmenn láti málið til sín taka og haldi umræðunni um mansal vakandi, að þeir krefjist þess að tryggður verði mannaflí og fjármagn í starfið og að málinu verði haldið á lofti í pólitískri umræðu.



Mansal hefur lent neðarlega á dagskrá í norrænu samstarfi að undanfögnu því ekki er lengur á það minnst í formennskuáætlunum ríkjanna. Við verðum að beita okkur fyrir því að málið verði sett aftur í öndvegi ef eitthvað á að breytast. Við vitum hve gagnlegt er að fólk úr fleiri ríkjum hittist og beri saman reynslu sína. Vinnuhópur hefur þegar unnið mikið starf en nú stendur til að fella fjárveitingu til hans niður. Eitt af því sem við viljum benda á er að það er nauðsynlegt að tryggja það litla fjármagn sem þarf til að halda starfinu gangandi.



VILJI OG FJÁRMAGN

Mansal færist því miður í aukana og að sögn Line Barfod er lítil aðstoð í boði fyrir fórnarlömbin. Hún telur því mikilvægt að stjórnvöld og einstaklingar leggi miklu meira af mörkum en nú er gert.

– Aðalatriðið er að tryggja nægan mannafla og fé og að almenningur bregðist við og láti sig málið varða.

Barfod segir þrælasöluna sjálfa minnstan hluta vandans. Miklu alvarlegri sé misnotkun á fólki og sá gífurlegi ágóði sem rennur í vasa þrælasalanna. Það er mat hennar að

þrældómurinn sé vænleg gróðalind þeirra.

– Stjórnvöld ættu að láta gera viðskiptagreiðingu á mansali til að átta sig á því hvernig sú verslun gengur fyrir sig. Sú þekking nýtist lögreglu til að geta gripið inn þar sem líklegast er að þrælasalarnir missi tekjur sínar.

Line Barfod tók einnig virkan þátt í umræðunni um norrænt sambandsríki á liðnu ári. Hvenær lítur það dagsins ljós?

– Ég tel ekki að við eigum eftir að sjá sambandsríki í líkingu við

Þýskaland eða Bandaríkin. Ég sé fyrir mér að á næstu 10–20 árum eigum við eftir að sjá nýja útgáfu af sambandsríki sem ræðst af því að almenningur kýs aukið samstarf ríkjanna. Þá mun takast að afnema margar þær stjórnsýsluhindranir sem há okkur í dag og samstarfið aukast á öllum sviðum. Þegar Norðurlönd hófu samstarf eftir lok seinni heimsstyrjaldar tókst að aflétta vegabréfaskyldu milli ríkjanna. Ég trúir því að okkur muni einnig takast að auðvelda för manna og liðka fyrir öðru samstarfi milli landanna.

BROTTVÍSANIR NORÐURLANDABÚA BER AÐ STÖÐVA

Á LIÐNU ÁRI BÁRUST FRÉTTIR AF ÞVÍ AÐ
NORÐURLANDABÚUM VÆRI VÍSAÐ ÚR LANDI
ÞEGAR ÞEIR LEITUÐU FÉLAGSLEGRAR AÐSTOÐAR
Í DANMÖRKU. MÁLIÐ VAKTI MIKLAR UMRÆÐUR
Á NORRÆNUM VETTVANGI. ÞRÁTT FYRIR SKÖRP
VIÐBRÖGÐ NORÐURLANDARÁÐS SITJA DANIR
FASTIR VIÐ SINN KEIP. VILLE NIINISTÖ ER
FORMAÐUR BORGARA- OG NEYTENDANEFNDAR
NORÐURLANDARÁÐS OG HEFUR GAGNRÝNT
FRAMFERÐI DANA HARÐLEGA.


BORGARA- OG NEYTENDANEFNDIN ræddi málið fyrst í ársbyrjun 2010 en þá hafði Halló Norðurlönd, upplýsingaþjónusta Norrænu ráðherra-nefndarinnar, greint frá því að fjöldi Norðurlandabúa hefði verið sendur heim frá norrænum grannríkjum.

– Ef okkur er alvara um að Norðurlönd eigi að vera án landamæra er nokkuð ljóst að framferði Dana er á skjön við þá hugsun. Mikilvægt er að Norðurlandaráð sýni

viðbrögð og sitji ekki við orðin tóm. Eigi ráðið að halda trúverðugleika sínum verða þingmenn að sýna hug og þor til að taka á slíkum málum.

AÐLÖGUNARRÁÐHERRA NEITADI AÐ FUNDA MEÐ NORRÆNUM ÞINGMÖNNUM

Birthe Rønn Hornbech, þáverandi aðlögunarráðherra Danmerkur, neitadi ítrekað að funda með borgara- og neytendaneftinni á liðnu ári.




○ **VILLE NIINISTÖ ER
ÞINGMAÐUR OG FOR-
MAÐUR ÞINGFLOKKS
GRÆNINGJA Á FINNSKA
ÞJÓÐÞINGINU. HANN
ER FORMAÐUR BORG-
ARA- OG NEYTENDA-
NEFNDAR NORÐUR-
LANDARÁÐS.**



9

– Ef okkur er alvara um að Norðurlönd eigi að vera án landamæra er nokkuð ljóst að framferði Dana er á skjön við þá hugsun. Mikilvægt er að Norðurlandaráð sýni viðbrögð og sitji ekki við orðin tóm. Eigi ráðið að halda trúverðugleika sínum verða þingmenn að sýna hug og þor til að taka á slíkum málum.



Fáskiptni ráðherrans er nefndarmönnum, þar á meðal formanninum, hulin ráðgáta.

– Þegar eitt ríki velur að túlka norræna samninga á annan hátt en hin fjögur er það að svíkjast undan merkjum. Ég á afskaplega erfitt með að skilja rök ráðherrans í þessu máli. Málið snýst ekki eingöngu um lögfræðileg atriði heldur er hér um pólitískt prófmál að ræða. Það er ólíðandi að hún hirði ekki einu sinni um að svara. Norðurlandaráð ákvað því að taka málið upp á haustþingi og ítreka við ríkisstjórnir landanna að þær sýndu viðbrögð.

Á þingi Norðurlandaráðs sem fram fór í Reykjavík í nóvember 2010

var ákveðið að fara þess á leit við ríkisstjórnir landanna að þær ræddu við Dani um brottvísanir norrænna borgara og ítrekuðu að dönsk stjórnvöld létu af uppteknum hætti.

Enn hafa ríkisstjórnirnar ekki gagnrýnt Dani opinberlega en Ville Niinistö telur málið þó ekki gleymt.

– Stjórnvöld eru yfirleitt treg að ræða viðkvæm mál á opinberum vettvangi enda leggja þau áherslu á sátt og samlyndi sín á milli. Málið verður þó tekið upp að nýju á formennskuári Finna 2011. Danska ríkisstjórnin verður að breyta fyrir-mælum sínum til þarlandra stofnana. Mér skilst að lagabreytinga sé ekki þörf og því ætti ekki að vefjast um

fyrir dönskum stjórnvöldum að kippa málinu í lag.

Borgara- og neytendanefndin fól Kirsten Ketscher lögfræðiprófessor að gera lögfræðilega úttekt á samningnum.

– Ketscher tjáði okkur að norræni samningurinn og ESB-reglur veiti okkur meiri réttindi en túlkun Dana gefur til kynna. Hún telur að Danir tapi málinu verði því vísað til ESB-dómstólsins. Þeir hafa löngum kosið að túlka ESB-reglur eftir eigin höfði þrátt fyrir að flest önnur ríki sambandsins fari aðra leið. Þannig brjóta þeir á grunnreglunni um frjálsa för manna á ESB-svæðinu sem og á Norðurlöndum.



Niinistö segir mörg erindi hafa bor-ist fulltrúum í borgara- og neytendanevnd frá einstaklingum sem fengið hafa munnleg fyrirmæli um að yfirgefa Danmörku.

– Sennilega hafa dönsk yfirvöld vísað mun fleiri Norðurlandabúum úr landi en tölur okkar segja til um.

EINN FYRIR ALLA, ALLIR FYRIR EINN

Niinistö hefur áður gefið til kynna að Dönum bæri að segja sig frá norræna samningnum ef þarlend stjórnvöld héldu uppteknum hætti.

– Þetta er grundvallarafstaða mín. Ef menn virða ekki samninga eiga þeir heldur ekki að vera aðilar að þeim –

slíkt gengur ekki til lengdar. Á þingi Norðurlandaráðs sást greinilega að margir danskir þingmenn greiddu atkvæði með tillögu borgara- og neytendanevndarinnar. Því má ætla að andstaða sé í Danmörku við framgöngu þarlendra yfirvalda.

Niinistö segir enn fremur að umræðan og umfjöllun fjölmiðla hafi vakið almenna athygli á norrænum málefnum. Sá áhugi geti orðið til þess að farið verði að ræða gildismat í norrænu samstarfi og í hverju norræn gildi felist ef birtingarmynd þeirra sé þessi.

Ville Niinistö hefur ekki mikla trú á að norrænt sambandsríki verði að veruleika.

– Ég tel ekki að af því verði. Við stjórnámálamenn fjöllum stundum um málefni sem geta virst veigalítill. Brottvísunarmálið hefur verið gagnlegt af því að það hefur sýnt fram á að mikilvæg mál eru tekin fyrir í norrænu samstarfi, þar á meðal mál sem geta skipt sköpum fyrir samfélagsþróunina. Hugmynd Wetterbergs er athyglisverð vegna þess að hún vekur umræðu um hvernig við getum skapað virðisauka í norrænu samstarfi.



10

NORÐURLÖND BÆTA UMHVERFI EVRÓPU

Maud Olofsson

NORRÆNU RÍKISSTJÓRNIRNAR LÝSTU ÞVÍ YFIR Í FYRRA AÐ FENGUR VÆRI Í AÐ SAMEINA RAFORKUMARKAÐI MEÐ ÓLÍKUM FRAMLEIÐSLUKERFUM, Þ.E. HITAORKU, KJARNORKU, VATNSORKU OG ENDURNÝJANLEGRI ORKU.

○ MAUD OLOFSSON
ER ATVINNU- OG
ORKURÁÐHERRA SVÍA
OG FORMAÐUR MIÐJU-
FLOKKSINS.

NORRÆNU RÍKIN og sjálfstjórnarsvæðin hefjast handa í ár við að bæta umhverfi Evrópu. Markmið stjórnvalda er að skapa sameiginlegan raforkumarkað fyrir neytendur og aðra viðskiptavini.

– Þetta er söguleg ákvörðun. Með sameiginlegum raforkumarkaði á Norðurlöndum sýnum við öðrum ríkjum álfunnar að hægt er að sameina raforkumarkaði í samræmi við áætlun ESB til ársins 2020. Þannig getum við haft áhrif á þróunina í álfunni allri,

segir Maud Olofsson, orkuráðherra Svíþjóðar.

AUKIN SAMRÆMING

Á hnattvæðingarþingi 2010 sögðu forsætisráðherrarnir mikil tækifæri felast í því að skapa norrænan raforkumarkað. Hann yrði neytendum til hagsbóta en myndi einnig bæta andrúmsloftið og auka afhendingaröryggi. Á fundi norrænu orkuráðherra voru helstu atriði í hinu nýja samstarfi ákveðin. Á þessu ári verður unnið

markvisst að undirbúningi norræns raforkumarkaðar.

– Brýnasta verkefni okkar er að halda áfram samræmingu á raforku-mörkuðum landanna. Hægt verður að meðhöndla mun meira magn af endurnýjanlegri orku í sameiginlegu raforku-kerfi, undirstrikar Maud Olofsson.

NORÐURLÖND SEM FORYSTUSVÆÐI

Oft er litið til Norðurlanda sem besta raforkumarkaðar í Evrópu. Þar kemur eflaust margt til en Maud Olofsson veit hvers vegna Norðurlönd munu halda forystuhlutverki sínu.

– Öll norrænu ríkin hafa sýnt áræðni og þor. Stjórnámamenn hafa sett metnaðarfull markmið og mótað stefnuna en neytendur eru einnig meðvitaðir og gera kröfur um græna tækni og sjálfbæran hagvöxt. Þeir velja umhverfisvænar bifreiðar sem og aðrar vörur. Þannig skapast eftirspurn sem virkar hvetjandi á atvinnulífið. Nú liggur fyrir að koma á samstarfi milli stjórnámamanna, rannsóknna, atvinnulífs og neytenda, segir sænski orkuráðherra.

MEIRA VALD TIL NEYTENDA

Í vetrarhörku undanfarinna ára snarhækkaði raforkuverð og sætti það töluverðri gagnrýni. Neytendur og aðrir viðskiptavinir finna áþreifanlega fyrir hærri rafmagnsreikningum. Atvinnugreinar fara ekki varhluta af auknum raforkukostnaði og sums staðar hefur framleiðsla verið hætt vegna þessa. Kuldaköstin útskýra að hluta til hækkaði raforkuverð en neyslan hefur einnig aukist eftir að draga fór úr áhrifum fjármálakreppunnar. Endurnýjanlegir orkugjafar og norrænt raforkunet ráða miklu um endanlegt verð á rafmagn, segir Maud Olofsson.

– Við verðum að auka framleiðsluna, ekki síst á endurnýjanlegri orku. En við þurfum líka að bæta flutningskerfin um leið og þau verða tengd á milli landanna. Við verðum að huga að

norrænu notagildi þegar ráðist verður í gerð nýrra neta. Takist að skapa skilvirk kerfi með góðu streymi og auka samkeppnina verður hægt að komast hjá háum rafmagnsreikningum á köldum vetrum.

Á síðari árum hefur verið reynt að sporna við losun gróðurhúsalofttegunda, meðal annars með nýjum orkugjöfum og að tryggja afhendingaröryggi til framtíðar. Aukin eftirspurn á orku, strangari umhverfiskröfur og hækkaði olíuverð eru áminning um að auka þarf orkunýtni. Á heimilum, í atvinnulífi og byggingariðnaði.

– Norrænn raforkumarkaður fyrir neytendur kemur í stað innlendra markaða. Aukin samkeppni er neytendum og öðrum viðskiptavinum til hagsbóta þar sem þeir geta valið á milli raforkufyrirtækja. Auka þarf áhrif viðskiptavinnanna svo þeir geti sjálfir ráðið yfir raforkunotkun sinni, segir Maud Olofsson.

HUGAÐ AÐ STRJÁLBÝLINU

Stór hluti strjálbýlis á Norðurlöndum er ekki tengdur sameiginlegu raforkuneti. Orkuráðherra landanna hafa því sýnt mikinn áhuga á nýrri tækni, t.d. geymslu vindorku í uppistöðulónum (s.k. pumped storage), en hún gæti orðið umhverfisvæn lausn í strjálbýli þar sem aðgangur að raforkuneti er takmarkaður.

SVEITARFÉLÖGIN VERÐI MEÐ

Á árinu 2011 verður veitt viðurkenningin Norrænt orkusveitarfélag en um hana keppa sveitarfélög sem ráðist hafa í orkuverkefni sem eru nýskapandi og stuðla að grænum hagvexti.


– Sveitarfélögin hafa sýnt mikinn áhuga á nýjum orkuverkefnum. Mikilvægt er að þau séu unnin á

staðnum með virkri þátttöku íbúanna. Keppnin gerum okkur ráðherrunum kleift að kynna okkur góð verkefni sem unnin eru í sveitarfélögum, segir Maud Olofsson.

NORRÆNN RAFORKUMARKAÐUR STUÐLAR AÐ GRÆNUM HAGVEXTI

Stjórnvöld telja norrænan raforkumarkað vera viðskiptahugmynd sem henti til útflutnings. Raforkumarkaðar án landamæra geti orðið mikilvægur þáttur í hnattvæðingaraðgerðum til að skapa grænan hagvöxt. Hrein tækni og aukið þekkingarsamstarf verða æ mikilvægari á næstu árum og stuðla að grænum hagvexti í norrænu ríkjunum.

– Norðurlönd beina nú sjónum sínum að þeim gríðarlegum viðfangsefnum sem skapast vegna loftslagsbreytinga. En við sjáum þar einnig gullin tækifæri til að skapa nýjar atvinnugreinar og ný störf. Breytingar á orkuframleiðslu skipta sköpum fyrir grænan hagvöxt. Nú ríður á að Norðurlönd leggi áherslu á græna og endurnýjanlega orku en auki einnig orkunýtni til að draga úr losun koltvísýrings. Orkusamstarfið er einstakt tækifæri fyrir Norðurlönd, segir Maud Olofsson að lokum.



– Við verðum að auka framleiðsluna,
ekki síst á endurnýjanlegri orku.

En við þurfum líka að bæta flutnings-
kerfin um leið og þau verða tengd á
milli landanna.

10





norden

Norræna ráðherranefndin
Norðurlandaráð

Ved Stranden 18
DK-1061 København K
www.norden.org